

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

NÓVEMBER 2019



10. tbl. 26. árg.

Systrasamlagið

Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 7
Fjör að
færast í
Arnarbakkann

Ungfrú fótolti gerist í Breiðholti

Nýtkomin bók heitir **Ungfrú fótolti og fjallar um stelpur sem stunduðu fótbolta í Breiðholti á árunum um og upp úr 1980.**

Höfundur bókarinnar er Brynhildur Þórarinsdóttir dósent og rithöfundur en hún var ein þeirra stelpna sem spiluðu götubolta

vegna þess að engin aðstaða var önnur fyrir þær. Margt hefur breyst á fjórum áratugum. Kvennafótboltinn hefur farið af götunum inn á íþróttasvæðin en þó vantar verulega á að þátttaka barna og ungmenna í Breiðholti í íþróttum sé sú saman og annars staðar. Þetta

veldur áhyggjum en nú er í undirbúningi stórt verkefni til að auka þjónustu borgarinnar við börn og ungmenni.

Rætt er við Brynhildi á bls. 4 til 5.

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

SVÍNAKJÖT Á TILBOÐI

Svína lundir 2.499 kr/kg

Svína snitsel 1.829 kr/kg

Svína hnakki 1.500 kr/kg

Svína rif 1.191 kr/kg

Svína kótilettur 1.623 kr/kg

SELJAKJÖR

- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

10. tbl. 26. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Minni íþróttabátttaka í Breiðholti

En sumt breytist of hægt. Enn fá stelpur í íþróttum minni athygli en strákar. Það er meira sagt frá drengjamótum á sumrin en stúlknamótum," segir Brynhildur Þórarinsdóttir dósent og rithöfundur í viðtalið hér í blaðinu. Tilefnið er nýútkomin bók hennar Fótboldastelpa þar sem hún fjallar um íþróttabátttöku stúlkna. Sögusvið hennar er Seljahverfið í kringum 1980 þegar hún var að alast þar upp.

Margt hefur breyst er varðar íþróttabátttöku stúlkna og barna almennt á þeim fjórum áratugum sem liðnir eru frá sögusviði bókarinnar. Þó er ljóst að breytingar sem þarfar eru og nauðsynlegar hafa alls ekki allar náð fram að ganga.

Írétt hér er sagt frá minni þátttölu barna í Efta Breiðholti í íþróttastarfi en annars staðar. Munurinn er sláandi. Ástæður hans geta verið nokkrar. Ein þeirra er að fólk sem flutt hefur frá öðrum löndum og menningarsvæðum hefur ef til vill hvorki sömu reynslu af íþróttastarfi né sýn á það. Efnahagur getur einnig haft áhrif á hvort fólk hvetur börn sín til að stunda íþróttir.

Nú er að hefjast þróunarverkefni í Breiðholti undir heitinu "Betri borg fyrir börn" og byggir á markvissu samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Hugmyndafræðin að baki þessu verkefni er góð. Vonandi nær hún að mæta þessum vanda. Alla vega að einhverju leyti. Hann hvílir einnig á skólasamfélaginu og ekki síst á því hvernig ná megi til foreldra og forráðamanna þeirra barna og ungmenna sem ekki taka þátt í neinu íþróttastarfi. Þar verða allir að leggja stund á eitt.

Sófnanir geta gert margt eins og nú á að leggja upp með. En mannlegu samskiptin verða einnig að vera til staðar. Eftir því sem þeir sem fyrir eru eiga í meiri og nánari samskiptum við aðkomið fólk eru meiri líkur til þess að börn og ungmenni af öðrum uppruna komi að öflugu íþróttastarfi.

Færri krakkar í Efra-Breiðholti stunda íþróttir

Mun færri börn og ungmenni í Efra-Breiðholti stunda skipulagðar íþróttir heldur en íbúar annarra hverfa Reykjavíkurborgar og einnig þegar samanburðar er leitað utan borgarinnar. Á bilinu 11 til 12% stúlkna eru á meðal þátttakenda. Einnig nýta færri börn á aldrinum sex til átján ára í Efra Breiðholti frístundakort Reykjavíkurborgar en í öðrum borgarhlutum.

Ástæður þessa kunna að vera nokkrar en ein helsta er talin sú að erfiðlega hefur gengið að fá krakka af erlendum uppruna til íþróttastarfs. Þar getur komið til sögu menningarleg arfleifð. Að fjölskyldur barna hafi ekki alist upp við íþróttir og þekki jafnvel ekki til þeirra. Tungumálakunnátta foreldra og efnahagur getur einnig skipt máli. Foreldrar sem ekki hafa náð góðum tókum á Íslensku geta verið tregari til þess að yta börnum sínum í íþróttastarf jafnvel þótt börnin hafi þegar góð tók á málinu. Þá getur efnahagur og einnig menntun ráðið nokkru um. Tölur sýna að fleiri hafa þegið fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg í Efra Breiðholti en í öðrum hverfum og borgarhlutum á undanförunum árum. Þá eiga fleiri íbúar í Efra-Breiðholti minni skólagöngu að baki en gengur og gerist. Þegar upplýsingar voru teknar saman í tengslum við átaksverkefnið Menntun núna árið 2013 voru um 40% íbúa á aldrinum 25 til 54 ára aðeins með grunnskólapróf. Sambærileg hlutfallstala í öðrum hverfum Reykjavíkur var tæp 23%. Allar þessar ástæðu



Stelpur sem stunda fótbolta hjá Leikni í Efra-Breiðholti.

geta dregið úr því að börn stundi íþróttir. Forráðamenn íþróttafélaganna segja almennt erfitt að fá börn af erlendum uppruna til þátttöku þótt nokkur slík hafi náð langt í íþróttastarfi.

Fólk nýtir frístundakortið til að greiða fyrir frístundaheimili í stað íþróttar

Leiknir í Efra-Breiðholti býður upp á æfingar í knattspyrnu og í karate. Íþróttafélag Reykjavíkur ÍR er staðsett í útjaðri Neðra-Breiðholts og býður upp á æfingar í fjölda greina. Knattspyrna er sú íþrótt sem mest er stunduð bæði af konum og körlum í Efra-Breiðholti

og karate er í fjórða sæti hjá körlum en fimmta sæti hjá konum. Ef til vill finnst fólk í Efra Breiðholti of langt að senda börn til æfinga hjá ÍR eða í Seljaskóla þar sem ÍR hefur haft aðstöðu. Leiða má líkum að því að efnaminni fjölskyldur nýti frístundakortið frekar en aðrar til þess að greiða fyrir vist barna á frístundaheimilum. Í þessu sambandi má benda á að frístundaheimilin skipta miklu máli í lífi fólks sem er undir miklu vinnuálagi. Er til dæmis í tveimur störfum. En jafnframt því vaknar spurning um hvort rétt sé að leyfa foreldrum að nýta frístundakort barna sinna til þess að greiða vist á frístundaheimilum en ekki til íþróttaiðkana.

www.breidholt.is

MotorMax

SMURSTÖÐ

Við smyrjum allar tegundir bíla
OPNUNARTÍMI **ENGAR**

Mánudaga
- Föstudaga

7:45 - 18:00

Laugardaga

10:00 - 14:00

TÍMAPANTANIR!



VIÐ ERUM
VATNAGÖRÐUM

motormax@motormax.is

Sími: 545 4040



**GARÐS
APÓTEK**
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Sýnikennsla

Í GERÐ HURÐAKRANSA, AÐVENTUKRANSA OG JÓLASKREYTINGA
 SJÁIÐ NÝJUSTU STRAUMA OG STEFNUR Í JÓLASKREYTINGUM
 FÁIÐ GÓÐ RÁÐ OG LÆRIÐ RÉTTU TAKTANA HJÁ BLÓMASKREYTTUM GARÐHEIMA

20%
AFSLÁTTUR

KERTUM
 BATTERÍSKERTUM
 SKREYTINGAREFNI
 JÓLASKREYTINGUM
 JÓLASKRAUTI
 INNPÖKKUNAREFNI



20%
AFSLÁTTUR

HURÐAKRÖNSUM
 SÍGRÆNUM PLÖNTUM
 GRENILENGJUM
 GERVIJÓLATRJÁM

20%
AFSLÁTTUR

LJÓSASERÍUM
 LJÓSAHLUTUM
 LJÓSAHÚSUM
 AÐVENTULJÓSUM



Aðventukvöld Garðheima

— ★ ★ ★ —

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 21. NÓVEMBER

FRÁ 19:00 TIL 22:00

ÆTLA GARÐHEIMAR AÐ VERA MEÐ NOTALEGT AÐVENTUKVÖLD
 TIL AÐ UNDIRBÚA OG FAGNA AÐVENTUNNI.

— ★ ★ ★ —

RISTAÐAR
 JÓLAMÖNDLUR



HEITT KAKÓ OG
 IRISH COFFEE



JÓLAKAFFI FRÁ
 KAFFITÁR

JÓLAKONFEKT FRÁ
 NÓA SIRIUS OG GUDRUN

— ★ ★ ★ —



JÓGVÁN HANSEN
 SYNGUR LJÚF JÓLALÖG
 KL 20:00

TILBOÐIN GILDA
 FIMMTUDAGINN 21. NÓV
 OG FÖSTUDAGINN 22. NÓV



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

VIÐTALIÐ

Vorum með hörkugott götufótboltið

- viðtal við Brynhildi Þórarinsdóttur dósent og rithöfundur

Út er komin bókin Ungfrú fótolti eftir Brynhildi Þórarinsdóttur dósent og rithöfund. Brynhildur er uppalin í Breiðholti og er sögusviðið einkum nýlega byggt Seljahverfi árið 1980. Á þessum tíma var ekki algengt að stelpur stunduðu fótbolta ef frá er talinn götubolti sem þróaðist í íbúðahverfunum og íþróttafélög sinntu þeim lítið. Brynhildur fór að æfa með Val á sínum tíma enda bauð ÍR ekki upp á æfingar fyrir stelpur. Segir það hafa verið auðveldast því Strætó hafi gengið beina leið að Hlíðarenda. Síðar lá leiðin í Fram í Safamýri. Brynhildur hefur stundað ritstörf jafnframt kennslu og rannsóknum einkum er snertir lestur en hún starfar við Kennaradeild Háskólans á Akureyri. Ungfrú fótolti er 16. bók hennar. En hvað erindi á bók sem þessi í Breiðholti í dag? Brynhildur segir hana eiga erindi til ungmenna, bæði stelpna og stráka en ekki síður til foreldranna sem muna þessa tíma þegar kvennafótboltinn þótti ómark. Í dag sé unnið að því að finna leiðir til þess að fá krakka í Breiðholti til að stunda æfingar, sérstaklega stúlkur. Þessi umræða um tækifæri til íþróttaiðkunar sé því jafn þörf í dag og 1980 þegar hún var að alast upp í Seljahverfinu og spila fótbolta. Brynhildur ræðir við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

Hvernig var að alast upp í Breiðholti á þessum tíma. „Hverfið var bæði rykugt og hressandi og hæfilega háskalegt - enda verið að byggja út um allt og engar lóðir tilbúnar. Við krakkarnir lékum okkur á mól og mold og príludum í timburstöflum eða nöppuðum efnivið í kassabíla, kofa og annað sem þurfti að búa

til. En mest lékum við okkur bara úti á götu. Við í Ljárskógunum vorum með hörkugott götuboltið sem bæði stelpur og strákar voru með í. Seljahverfið er eiginlega ein stór brekka og á þessum tíma voru engir sparkvellir eða sléttir fletir í hverfinu sem hægt var að keppa á. Við eignuðum okkur því götuna okkar og bjuggum til fótboltavelli og brennóvelli með úlpustöngum. Smátt og smátt varð hverfið grænna, túnþökur voru lagðar og græðlingar gróðursettir. Þá var efnt til krocketmóta og tjaldað úti í garði. Þetta var mikil ævintýraveröld. Við fluttum í Breiðholtið vorið 1979 úr einu grónasta hverfi borgarinnar þar sem fátt var orðið um börn. Þetta var eins og að koma í annan heim, eiginlega eins og að lenda í endalausum afmæli, það voru krakkar úti um allt, systkinahópar í hverju húsi. Það var því virkilega gaman að alast upp í Breiðholti, öfugt við það sem lesa mátti í barnabókum sem komu út á þessum tíma, þar voru dapurleg lyklabörn og endalaus vandamál. Auðvitað var talsvert um vaxtarverki í svona nýju hverfi þar sem börnum fjölgaði eins og kaninum. Skólinn minn, Ölduselsskóli, var til dæmis þrjú ára þegar ég byrjaði þar. Skóladagurinn minn fyrsta árið mitt í hverfinu var frá 11 til 14. Krakkar höfðu því mikinn frítíma og mikið frelsi og nóg af hugmyndum til að nýta það. Ég man enn hvað mér fannst ósanngjarnt hvernig talað var um Breiðholtið þegar ég var krakki. Mig hefur lengi langað að skrifa um þennan tíma, um Breiðholtið sem skemmtilegan stað að alast upp á.“

Hvesstum augun á strákana

Höfðu stelpur minni áhuga á



Brynhildur Þórarinsdóttir dósent og rithöfundur.



Brynhildur með Þórði Heiðari bróður sínum. Myndin er tekin 1979 eða 1980.

íþróttum þá. „Stelpur á þessum tíma höfðu ekki síður áhuga á íþróttum en strákarnir held ég. Við voru margar sem spiluðum allar frímínútur og það var hörð keppni milli bekkjarliða. En við stelpurnar höfðum ekki tækifæri til að æfa fótbolta eins og strákarnir. Ég man eftir að hafa staðið á hliðarlínunni á fótboltaæfingu með vinkonu minni og hvesst augun á strákana. Okkur var bent á að stelpur gætu æft handbolta. Það fór þannig að við prófuðum handboltann og suðuðum þar um að fá að hita upp með fótbolta. Það tók tíma að finna út að við gætum æft fótbolta annars staðar því hvergi var sagt frá stelpum eða konum í fótbolta. Þær þóttu líka frekar undarlegar, sumir sögðu þær ókvenlegar og að þær fengju skakkar lappir af því að sparka bolta, það voru ýmsir fordómarnir sem fótboltastelpur mættu.“

Vantaði kvenfyrirmyndir í fótbolta

Hvaða erindi á þetta til okkar í dag. „Sem betur fer hefur margt breyst og stelpur og strákar hafa tækifæri til að æfa alls konar íþróttir. En sumt breytist of hægt, enn fá stelpur í íþróttum minni athygli en strákar, það er meira sagt frá drengjamótum á sumrin en stúlknamótum, meira sagt frá meistaraflökki karla en kvenna og svo framvegis. Okkur vantaði alveg kvenfyrirmyndir í fótbolta þegar ég var að brólta í þessu en núna vantar frekar að knattspyrnukonur fái þá athygli sem þær eiga skilið. Ég flétta forsetakosningunum 1980 inn í söguna vegna þess að Vigdís Finnbogadóttir var okkur svo mikilvæg fyrirmynd, hún sýndi okkur stelpunum að við ættum ekki að láta gamlar venjur og viðhorf draga úr okkur kjarkinn. En nú er samfélagið svo miklu fjölbreyttara en það var, við þurfum ekki bara kvenfyrirmyndir heldur af öllu litrófi mannlífsins, svo að allir krakkar átti sig á að þeir eru velkomnir í hópinn. Ég kem inn á þetta úr ýmsum áttum í bókinni, því samfélagið reyndi ekki bara að stýra stelpum, það var líka ætlast til að strákar héldu sig innan síns ramma. Og fordómarnir leyndust víða vegna þekkingarleysis. Ég er nú samt ekki að predika neitt, þetta er nú fyrst og fremst skemmtilestur - en bókmenntir verða að hreyfa við lesendum og fá þá til að hugsa aðeins. Það hafa allir gott af því að velta fyrir sér svona málum.“

BÍLRÚÐU
MEISTARINN

S: 571-1133

3 ÁRA ÁBYRGÐ Á FRAMRÚÐU ÍSETNINGUM

BRM.IS

VINNUM FYRIR ÖLL TRYGGINGARFÉLÖGIN
SÉRHÆFT BÍLRÚÐUVERKSTÆÐI MEÐ BÍLASMÍÐAMEISTARA
BRM@BRM.IS BÍLRÚÐUMEISTARINN DALVEGI 18 201 KÖP

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION

3POINT
BELT

BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Vona að krakkar láti ekki stoppa sig

„Ég kem oft í Breiðholtið, foreldrar mínir búa núna í Grjótaselinu með útsýni yfir dalinn. Fyrstu árin okkar var lækurinn í dalnum óbrúður, við komum oft vot í skólann. Núna er falleg brú yfir lækinn. Mér finnst sérstaklega gaman að horfa á grenitrén í dalnum, þessi tré gróðursetti árgangurinn minn í Ölduselsskóla 1979, árið sem við urðum níu ára. Hverfið hefur því elst vel og það er gaman að sjá uppganginn hjá ÍR í Mjóddinni, það var kominn tími til. Ég vona að krakkar í Breiðholtið láti ekkert stoppa sig í að mæta á æfingar, hvað sem þau langar að æfa. Þótt ég hafi skrifað bók um fótþakrakka gildir þetta um allar íþróttir og tólmstundir. Það gefur manni svo mikið að vera með; það styrkir og þroskar á svo margvíslegan hátt. Mér finnst ÍR vera að gera frábæra hluti í dag og langar að nefna ÍR-unga þar sem krakkar í 1. og 2. bekk fá að prófa alls kyns íþróttir fyrir eitt gjald. Þetta er til fyrirmyndar og verður vonandi til þess að fleiri finna sér íþrótt sem þeim líkar.“

Nýta félagsstarfið til að hrista hópna saman

„Breiðholtið er margskipt og fjölbreytt og ríkt af tungumálum, það þarf að nýta félagsstarfið og íþróttirnar til að hrista hópna saman. Það græða allir á því. En það slær mig að það skuli ekki ganga nógu vel að fá krakka í Efra-Breiðholtið á íþróttæfingar, sérstaklega að það skuli halla á stúlkur. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt fyrir stelpur í Breiðholtið að fá að æfa en nú þegar allt er mögulegt er synd að tækifærin séu ekki nýtt, að frístundakortin séu jafnvel ekki notuð. Kannski vantar hvatninguna eða umræðuna á heimilunum. Kannski vantar fyrirmyndirnar úr fjölmenningsheiminum. Það er erfitt að stíga fyrsta skrefið ef maður heldur að maður passi ekki inn í. Það er kannski nútímaútgáfan af því sem ég er að skrifa um í Ungfrú fótbolta.“

Brot úr 29. kafla bókarinnar Ungfrú fótbolta

Ninna og Jói, og Sibba, Guffi og Óli voru úti í götubolta þegar ég kom til baka af fundinum. „Hvar varstu eiginlega?“ kallaði Ninna til mín. Ég hafði aldrei sleppt Maríó-æfingu áður og hún var greinilega stórhneyksluð á mér. „Við erum búin að banka hundrað sinnum hjá þér.“

„Á kosningafundi Vigdísar Finnboga-dóttur,“ svaraði ég eins og ekkert væri. „Með hverjum er ég í liði?“

„Þú ert með okkur Guffa,“ kallaði Óli, við erum undir.

„Ókei,“ sagði ég, dauðfegin að vera ekki með Sibbu í liði.

„Hæ, Gerða,“ var kallað af gangstéttarkantinum. Þar sat Begga litla með rúsínupakka og tindi upp í sig. Rauða hárið minnti mig á Halla og allt í einu leið mér eins og ég hefði gleypst í mig hundrað rúsínur.

„Hæ kisa,“ sagði ég.

Begga stökk mjálmandi á fætur en Sibba leit ströng á hana. „Þú manst að þú mátt ekki hlaupa inn á völlinn.“ Begga kinkaði kalli og settist hlýðin á gangstéttina. Hún setti upp grettu sem ég kannaðist mjög vel við.

Við spiluðum á tvö mörk, Ninna og Óli voru markmenn. Við Guffi vorum saman í sókn. Liðið mitt var tveimur mörkum undir enda höfðu tvíburarnir verið manni færri. Við vorum fljót að jafna leikinn. Jói og Sibba voru líka ansi góður sóknardúett og bættu við marki en Guffi jafnaði með langskoti. Þetta var ótrúlega hraður og skemmtilegur leikur. Þegar staðan var 7-7 átti hitt liðið horn, Jói vippaði boltann inn í teig þar sem Sibba var tilbúin að skalla. Ég ætlaði ekki að fella hana, ekkert endilega, það gerðist bara. Ég bakkaði inn í teiginn til að dekka hana en tók ekki eftir því að hún var



sjálf að bakka. Við skullum saman, Sibba hrasaði og ég hrundi ofan á hana. Vippan frá Jóa datt niður dauð í miðjum teignum. Óli átti ekki í neinum vandræðum með að handsama boltann og kasta honum fram til Guffa sem þegar var tekinn á sprett.

Sibba æpti og ýtti mér af sér. Hún stóð ekki á fætur heldur sat flötum beinum á götunni og starði á fæturna á sér.

„Ertu slösuð?“ spurði ég hikandi þótt ég hefði ákveðið að tala aldrei við hana framar.

Sibba hvessti á mig augun. Hún benti á hægri hnéð. „Ég var að kaupa mér

þessar buxur.“

Hinum megin á vellinum heyrðist í Guffa sem fagnaði marki.

„Hvað varstu þá að hugsa að fara í fótbolta í þeim?“ spurði ég hneyksluð. Mér datt ekki í hug að biðjast afsökunar, ekki var það mér að kenna að hún valdi að fara í þæjubuxumút. Hvernig datt henni líka í hug að kaupa sér svona buxur sem virtust ekki einu sinni vera þægilegar. Aldrei hefði ég eytt peningum í fót sem ekki væri hægt að keppa í.

Sibba stóð loks á fætur. „Ég er hætt,“ sagði hún og kallaði á Beggu. Það rann upp fyrir mér hvernig hún hafði fengið pening fyrir buxunum. Þessum asnalegu buxum.

„Gott,“ hreytti ég í hana.

Sibba sneri sér við. „Ég er hætt í Maríó, meina ég.“

„Ókei, fint,“ sagði ég og hóaði liðinu mínu saman. „Höldum áfram, nú erum við fleiri.“ Guffi og Óli voru til í slaginn en Ninna sendi mér undarlegt augnaráð úr marki andstæðinganna. „Gerða, hættum bara núna,“ kallaði hún yfir völlinn.

Ég skildi ekki hvað hún var löt. „Ætluðum við ekki að spila upp í 10?“

Ninna yppti öxlum. „Hittumst bara aftur á morgun.“

„En það er svo gott veður,“ mótmælti ég.

Jói greip jakkastöngina sína og kvaddi. Óli og Guffi hikuðu í smá stund.

„Eruð þið ekki að grínast?“ spurði ég þegar þeir sneru líka heim. Ég átti enn næga orku eftir fyrir langan leik.

Ninna tók boltann upp og driplaði honum þögl. Við vorum bara tvær eftir.

„Viðstöðulausan?“ stakkt ég upp á.

Ninna þrusaði í næsta vegg.

MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
hdl. og löggiltur fasteignasali
Sími: 695 9500

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000
www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Rúnar Kristinsson í Karlakaffinu og ljúf tónlist á aðventukvöldi

Aðventukvöld Fella- og Hólakirkju verður sunnudagskvöldið 1. desember kl. 20. Að venju flytur kór kirkjunnar ljúfa og fallega aðventutónlist undir stjórn organista, Arnhildar Valgarðsdóttur.

Einnig koma fram einsöngvarar úr röðum kórsins og fiðluleikarinn Ljúfi Matthías Stefánsson skreytir stundina. Hugleiðing og jólasaga og allir syngja saman Heimsumból við kertaljós. Að stundinni lokinni er að venju boðið uppá heitt súkkulaði og piparkökur. Allir eru hjartanlega velkomnir.

Rúnar Kristinsson fyrrverandi atvinnumaður og þjálfari karlalíðs KR í knattspyrnu verður næsti gestur í hinu vinsæla karlakaffi sem verður síðasta föstudag nóvembermánaðar þann 29. nóv. kl. 10 til 11.30. Rúnar Kristinsson fyrrverandi atvinnumaður og þjálfari karlalíðs KR í knattspyrnu. Síðasti gestur í Karlakaffinu var Björn Bjarnason fyrrum ráðherra. Sérstök ástæða er til að hvetja karla til þess að mæta og sýna sig og sjá aðra.

Nýtt unglíngarými opnað í Gerðubergi

Í lok nóvember verður opnað OKið sem er stórt og metnaðarfullt rými í Gerðubergi fyrir unglíng. Borgarbókasafnið hlaut 18 milljónir úr barnamenningarsjóði til að gera tilraunaverkefni með samverurými fyrir unglíng sem er að norski fyrirmynd. Í Okinu verður hægt að læra, skapa, fikta, eiga í samtali og einfaldlega hanga. Rýmið verður lokað fullorðnum og yngri börnum og boðið verður upp á ýmsa dagskrá fyrir ungmenni, skapaða af ungmennum.

Í rýminu verður unnið með ýmis þemu í ár í senn og árið 2020 verður þemað byggt á Norður, stafrænni skáldsögu danska höfundarins Camillu Hübbe og myndlýsaras Rasmus Maesler. Í sögunni um stúlkuna Norður nýta höfundarnir sér sameiginlegan menningararf Norðurlandanna, norrænu goðafræðina. Þar er tekist á við stórar spurningar og



alvarlegar áskoranir sem blasa við ungmennum í dag, s.s. hamfarahlýnun af mannavöldum og áhrif þeirra á lífríki jarðar og framtíð komandi kynslóða. Einnig tekst aðalpersónan á við sjálfa sig og gengur í gegnum krefjandi þroskaferli um leið og henni er ætlað að bjarga heiminum.

OKið er þátttökuverkefni þar sem ungmennum á aldrinum 12 til 16 ára gefst tækifæri til upplifa, skapa, fikta, lesa og miðla hvort

sem þau kjósa að gera það í einrúmi eða í samvinnu við aðra. OKið verður opið alla virka daga milli kl. 14:00 til 18:00. Boðið verður upp á viðburði, smíðjur, heimanámsaðstoð sem og opna aðstoðu til að skapa og fikta. OKið er fyrst og fremst ætlað unglíngum í Breiðholti og er von forráðamanna Borgarbókasafnsins að þetta gangi það vel að fleiri hverfi taki þetta uppi.

AS WE GROW

ICELAND



www.aswegrow.is

Endurgera á torgið fyrir framan Breiðholtskirkju

Ákveðið hefur verið að bjóða út framkvæmdir við fyrsta áfanga endurgerðar á útivistar og torgsvæðum í Mjódd. Um er að ræða torgið fyrir framan Breiðholtskirkju, á milli kirkjunnar og Þangbakka 8 til 10.

Áætlaður kostnaður við fyrsta áfanga verksins er 50 milljónir króna.

Unnið verður áfram að undirbúningi og hönnun vegna síðari áfanga en verkið verður unnið í þremur áföngum að því er fram kemur á vef Reykjavíkurborgar.

Svæðið verður hellulagt og gróðurbeðum, leiksvæðum, bekkjum og lýsingu verður komið fyrir þar. Aspir verða fjarlægðar, enda hafa rætur þeirra farið illa með hellulagnir, og nýjum gróðri komið fyrir í stað þeirra.

Áfangi númer tvö verður milli Sam-bíóanna og Þönglabakka 8 til 10. Þriðji áfanginn verður svo austan Landsbankans, milli Þönglabakka 10 og verslunarmiðstöðvarinnar í Mjódd.



Breiðholtskirkja.

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

MJÓDDI

Fjör að færast í Arnarbakkan

- opunarhátíð 29. nóvember

Gamla verslunarmiðstöðin við Arnarbakka í Breiðholti verður formlega opnuð á ný eftir lagfæringar 29. nóvember n.k. kl. 16.00. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri í Breiðholti munu ávarpa gestu og boðið verður upp á kaffi, kakó og með því. Íbúum í Breiðholti eru boðið sérstaklega til að líta inn og kynna sér þau fjölbreyttu verkefni og félagsstarf sem eru í húsnæðinu.

Upphaf málsins má rekja til þess að á síðasta ári festi Reykjavíkurborg kaup á fasteignum í tveimur hverfiskjörnum í Breiðholti. Annar þeirra er við Arnarbakka 2 til 6. Borgarráð samþykkti í lok síðasta árs að auglýsa eftir hugmyndum að starfsemi til bráðabirgða í því húsnæði sem væri að losna með sérstakri áherslu á samfélagsleg verkefni sem yrðu opin almenningi. Samþykkt var í borgarráði þann 7. febrúar að hefja viðræður við nokkra hópa um tímabundna leigu á þessu húsnæði til þess að húsnæðið stæði ekki autt og ónotað á meðan skipulagsvinna stendur yfir en verið er að vinna að deiliskipulag fyrir þetta svæði.

Karlar í skúrnum, SmiRey og handverksmenn

Í Arnarbakka 2 eru Rauði kross Íslands með verkefnið Karlar í skúrnum. Verkefnið er unnið með það að markmiði að skapa



Séð yfir gömlu verslunarmiðstöðina við Arnarbakka sem nú er að fá nýtt líf.

aðstæður þar sem heilsa og velíðan karla er í fyrirrúmi. Fjallað er um það á öðrum stað í blaðinu. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar með SmiRey sem er smíðastofa fyrir einhverfa karla. SmiRey framleiðir leikföng fyrir börn á leikskóla aldri, einnig ýmsa skrautmuni og tækifærisgjafir. Smíðastofan býður uppá kaffiáðstöðu sófa og kósí, þar verða youtube myndböndum varpað á vegg sem sýna starfsemi í amstri dagsins. Hársnyrtistofan Arnarbakka heldur áfram með starfsemi sína. Hópur handverksmanna og trérennismiða eru nú í Arnarbakkanum. Þeir eru átta sem stendur og þar af eru fimm meðlimir með kennsluréttindi á

öllum kennslustigum nema leikskóla. Trérennismiðir ætla að vera með sýningar og leiðbeiningar í Arnarbakka og að vera reglulega með sýnikennslu. Þar að auki vilja meðlimir í hópnum vera með námskeið fyrir fólk á öllum aldri unga sem eldri. Hugmyndir um námsleið sem eru komnar eru til dæmis; kennsla í trérennismíði, tálgun í ferskt tré og þurrt, útskurður, trésmíði, húsgagnaviðgerðum, tilsaganámskeið og hnífa- og leðurgerð.

Upptökuver og spilaútgáfa

Í rúm 40 ár var fiskbúð í Arnarbakka en henni var lokað

fyrir nokkru síðan. Bakkabúinn Óli Gneisti Sóleyjarson hefur í nokkur ár gefið út spil #Kommentakerfið, Látbragð, Hver myndi? og nú síðast #Kommentakerfið II. Hann mun hafa aðstöðu fyrir spilaútgáfu sína í gömlu fiskbúðinni. Húsnæðið mun þó aðallega nýtast sem upptökuver sem kallast Kistan. Aðaltilgangur upptökuversins er að bjóða upp á aðstöðu til að taka upp svokölluð hlaðvörp sem má kalla útvarpsþætti á netinu. Þess ber þó að geta að Kistan mun ekki bara bjóða upp á hljóðupptöku heldur líka aðstöðu til að taka upp myndbönd sem hægt verður að streyma beint á netið. Nú þegar er farið að taka upp tvö hlaðvörp í Kistunni, Stories of Iceland . um Ísland fyrir enskumælandi hlustendur og Botninn sem fjallar aðallega um sjónvarpsþætti. Þá eru fleiri hlaðvörp í vinnslu, m.a. Bakkatal þar sem Óli Gneisti mun fjalla um hverfið sitt, sögu þess og íbúa. Þann 29. nóvember mun Óli bjóða gesti og gangandi velkomna í

gömlu fiskbúðina. Þar verður hægt að skoða upptökuverið og kaupa spil á sérstöku hátíðartilboði.

Hjólakraftur og deild frá Brúarskóla

Hjólakraftur er einn þeirra aðila sem hafa fengið á leigu húsnæði við Arnarbakka. Í aðstöðunni hjá Hjólakrafti hittast hópar amk 10 sinnum í viku til þess að hjóla um nágrennið, en einnig er þar önnur starfsemi. Til að mynda heldur PEERS námskeið í félagsfærni þarna tvo daga í viku. Þar koma bæði krakkar og foreldrar á námskeið. Einnig er í aðstöðunni rekin deild frá Brúarskóla sem hefur nafnið Brúarbakki. Þar er starfandi kennari og þangað koma nemendur til þess að eiga sinn skóladag. Það er því óhætt að segja að nokkurrar fjölbreytni gæti í þeirri starfsemi sem rekin er undir merkjum Hjólakrafts við Arnarbakka.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

GÓÐ ÞJÓNUSTA í Grímsbæ við Bústaðaveg



UMHVERFISVÆNAR
GJAFÁ- OG NYTJAVÖRUR

VISTVERA
INFO@VISTVERA.IS — VISTVERA.IS

KOMDU Í PIZZU EÐA TAKT'ANA MEÐ HEIM



PIZZERIA - BÚSTAÐAVEGI - 533 1313



Eld ofninn



Snyrtivöruverslun - Snyrtistofa
Sími: 553 1262

HANNYRÐAVERSLUNIN

Sporið

Garn og útsaumur
Mikið úrval
Sími: 581 2360



Krambúðin

Opið virka daga 08:00 til 23:30
Um helgar 09:00 til 23:30

FB í alþjóðlegri ræðukeppni á Ítalíu



Hér má sjá íslenska hópinn fyrir framan dómkirkjuna í Milanó á Ítalíu.

Nemendurnir Axel Örn Arnarson og Jól Kristjánsson á húsasmíðabraut og Kristín Canada á opinni braut tóku nýlega þátt í alþjóðlegu Erasmus+ verkefni sem kallast á ensku "European Voice of Sales".

Auk Íslands taka þátt nemendur og kennarar frá Ítalíu, Portúgal, Finnlandi og Noregi. Hópurinn dvaldist við Comovato og var Cometa framhaldsskólinn gestgjafar. Hópurinn heimsótti frumkvöðla og unnu ýmis verkefni í anda frumkvöðlabúða. Keppninni lauk með tveggja mínútna lyfturæðu sem kallast á ensku "pitching speech". Hér má sjá íslensku nemendurna sem tóku þátt fyrir hönd FB fyrir framan dómkirkjuna í Milanó ásamt Ásgerði Bergsdóttur íslenskukennara og Ágústu Unni Gunnarsdóttur alþjóðafulltrúa FB. Ferðin er nemendum að kostnaðarlausu því Erasmus styrkur verkefnisins greiðir ferðina að fullu.

Alltaf fjölgar í skúrnum

- kynningarfundur fyrir Karla í skúrnum í Arnarbakkanum 29. nóv.



Auðunn Sigurjónsson, Magnús Árnason og Hendrik Jafetsson voru mættir í skúrinn þegar Breiðholtsblaðið bar að garði og smíðatólin voru ekki langt undan.

Fyrir um ári auglýsti Rauði krossinn eftir karlmönnum í Breiðholti. Tílefnið var kynningarfundur um verkefni sem verið var að ýta úr vör og nefnist Karlar í skúrnum. Fyrir var eitt verkefni af þessum toga á vegum RÍ en það er í Hafnarfirði. Nú var kominn tími til að leita fyrir sér í Breiðholti. Kynningarfundur var haldinn í Gerðubergi 22. nóvember í fyrra. Ekki var neitt húsnæði til staðar enda óljóst hversu margir sýndu verkefninu áhuga. Áhugi var strax nokkur og hittust karlarnir í Gerðubergi. Nú hafa Karlar í skúrnum fengið inni í þjónustukjarnanum við Arnarbakka en þar hefur Reykjavíkurborg auglýst eftir verkefnum sem nýtt gætu þessa húsnæði alla vega um sinn.

Þegar Breiðholtsblaði leit við í Arnarbakkanum á dögnum voru þrjú karlar mættir til starfa og voru önnur kafnir við að ganga fá innréttingum á staðnum. "Við fengum þetta húsnæði alveg hrátt á liðnu vori og hafa karlarnir unnið við að innrétta það og koma í ákjósanlegt ástand," segir Hörður Sturluson verkefnisstjóri hjá Rauða krossinum. Hugmyndin að baki þessu verkefni er að búa til athvarf fyrir karla til þess að koma saman og grípa í einhver verkefni. Þetta verkefni á rætur til Ástralíu undir heitinu Men in Sheds og hefur alls staðar

mælst vel fyrir þar sem því hefur verið komið á fót. Dæmi um það eru yfir 400 Sheds eða skúrar á Írlandi. Um 20 karlar skráðu sig til þátttöku í fyrra og hafa verið að hittast síðan – misjafnlega margir frá einum degi til annars. Hörður segir að öllum sé frjálst að koma með verkefni við hæfi. Einkum sé um verkefni að ræða sem tengjast smíðum af einhverju tagi en ekki sé rými til að sinna plássfrekum verkefnum eins og bílavíðgerðum. Sumir karlar komi líka bara til að sýna sig, fá sér kaffibolla og hitta aðra. Engin skylda hvíli á neinum að taka með sér eða skapa verkefni. "Þetta er hugsað mjög frjálst og fyrst og fremst til þess að vinna gegn félagslegri einangrun sem sumir karlar finna fyrir þegar þeir hætta að vinna. Markhópurinn eru karlar á eftirlaunum en yngri mönnum er einnig velkomið að koma. Tilgangurinn er að karlarnir hafi gaman af því að vera í félagsskap og hafi verkefni við að vera sem fyllt geti upp í tómarúm í lífi þeirra og þeir fyrri fyrir meiri tilgangi í lífinu." Hörður segir tílefni til þess að þótt körlunum hafi verið að fjölga jafnt og þétt sé full ástæða til þess að vekja athygli á þessu starfi á ný þegar það er búið að fá nýjan samastað og vonast til þess að sjá sem flestir koma í Arnarbakkann 29. nóvember þegar formleg opnun nýja skúrsins verður haldin.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára
31/7/20

Vandaðir
krossar á leiði!

JS LJÓSAMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

coral[®] Dyra og hreinsimottur
Stoppar 90% óhreininda

KJARAN
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

forbo
FLOORING SYSTEMS



Erum á Óðinsgötu 1

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagið
Netverslun: systrasamlagið.is

Rauðgreni í Elliðár- hólma tré ársins

Rauðgreni í Elliðaárhólma var valið tré ársins 2019. Tilkynnt var um valið á tré ársins við hátíðlega athöfn í Elliðaárhólma og tók Dagur B. Eggertsson við viðurkenningarskjali frá Skógræktarfélagi Íslands um valið.

Tréð var mælt nákvæmlega og var það sléttir tólf metrar á hæð. Það stendur í miðjum Elliðaárhólma ásamt nokkrum öðrum trjám af sömu tegund sem öll eru

svipuð á hæð og sum hærri en það tré sem varð fyrir valinu. Rauðgrenið sem varð fyrir valinu ber þó af í formi og fegurð. Ekki er vitað um nákvæman aldur rauðgrenisins að sögn Jónatans Garðarssonar formanns Skógræktarfélagsins en það er líklega 50 til 60 ára gamalt.



Jónatan Garðarsson formaður Skógræktarfélags Íslands og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri með verðlaunaskjalið. Myndin er tekin við rauðgrenið í Elliðaárhólma.

VELKOMIN Í MJÓDDINA



HJÁ DÓRA

Heitur matur
í hádegi og á kvöldin



Nú er opið
á laugardögum
kl. 11:00 - 14:00
fram að jólum.
Verið velkomin.

Gullsmiðurinn í Mjódd
Sími: 567 3550

Komdu í súpu dagsins
995 kr.



EFNLAUGIN
BJÖRG
MJÓDD
Stofnað 1953

Öll lyf á
lágmarksverði
og samheitalyf
líka!

Lyfjaval
APÓTEK

STÍGVÉLABÚÐIN

NOKIAN

FOOTWEAR

Álfabakka 14a
Sími: 527 1519



nettó 24

Opið allan sólarhringinn
í Nettó Mjódd

Lægra verð - léttari innkaup

Kortaveski með skannvörn



C-Secure RIFID kortaveski með Ítölsku leðri tekur 5 til 7 kort.

Módjó

Mjódd • S: 571 3411
www.facebook.com/Módjó-Verslun



Erlendu þátttakendurnir og gestgjafar staddir á hverasvæði á Reykjanesi.

Hrekkjavaka, Skrekkur, rímnaflæði, söngvakeppni og kynfræðsla

Mikið hefur verið í gangi í félagsmiðstöðvunum í Breiðholti síðastliðnar vikur. Boðið hefur verið upp á margskonar fræðslu, má þar nefna Siggú Dögg sem hefur mætt með kynfræðslu til okkar síðustu vikunnar.

Frístundamiðstöðin Miðberg hélt sína árlegu Hrekkjavökuhátíð mánudaginn 28. október síðastliðinn. Hátíðin hefur fest sig rækilega í sessi sem ein vinsælasta fjölskylduskemmtun ársins í Breiðholti. Meðal þess sem boðið var upp á má nefna Draugahús, nornakaffi, útiöldun, ógeðiskassa og andlitsmálningu. Að vanda var margt um manninn og börn, foreldrar og starfsfólk skemmtu sér hið besta, eins og meðfylgjandi myndir bera með sér.

Allir fimm skólarnir í Breiðholti tóku þátt í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskólanna í Reykjavík í síðustu viku og voru þau hverfinu okkar svo sannarlega til sóma. Framundan hjá okkur næstu vikunnar má nefna Rímnaflæði, sem haldið verður í Fellahelli föstudaginn 15. nóvember. Rímnaflæði er rappkeppni unglunga á landsvísu sem er í Breiðholti. Í ár heldur Rímnaflæði upp á 20 ára afmæli sitt og af því tilefni munu Emmstjé Gauti og Herra Hnetusmjör stíga á svið, ásamt hæfileikaríkum unglungum hvaðanæva af landinu. Söngkeppni Breiðholts verður síðan haldin 27. nóvember og er hún undankeppni fyrir söngkeppni Samfés, sem haldin verður í mars á næsta ári.

Myndir eru frá Hrekkjavökunni í Miðbergi

Erasmus verkefnið „IT's the future“

Í lok september komu nemendur og kennarar frá Belgíu og Noregi til Íslands og heimsóttu FB og dvöldust nemendur heima hjá gestgjöfum sínum íslenskum nemendum skólans.

Hóparnir taka þátt í Erasmus+ verkefninu „IT's the future“. Farið var í nokkrar ferðir með hópana og fóru þau meðal annars hring um Reykjanesið þar sem skoðaðir voru hverir. Deginum lauk síðan í heitu laugunum í Bláa lóninu. Þá fóru hóparnir Gullna hringinn skoðuðu Þingvelli og fóru að Gullfossi og Geysi. Hóparnir elduðu þjóðarrétti fyrir hvor annan en unnu auk þess í mikilvægu verkefni fyrir Erasmus+ verkefnið sjálft.



www.breiðholt.is

Dans fyrir alla!



Samkvæmisdansar
Foreldrar og börn 2-3 ára
Barnadansar
Brúðarvals
Sérhópar
Jazz dans
Latin fit o.fl.

Dansskólinn
Bíldshöfða 

Dans fyrir alla á Bíldshöfða

Dansskólinn Bíldshöfða mun hefja starfsemi í janúar í nýstandsettu húsnæði að Bíldshöfða 10 sem er sérhannað fyrir dansskóla.

“Við erum gríðarlega spennt fyrir nýja húsnæðinu og teljum staðsetninguna henta sérstaklega vel fyrir íbúa Grafarvogs, Árbæjar og Breiðholts.” segir Ragnar.

Ragnar Sverrisson danskennari segir að af áratuga reynslu hans af samkvæmisdönsum sé kristaltært hversu höllt sé fyrir alla að læra dans.

“Það er ótrúlegt hvað dans getur gert fyrir börn og fullorðna. Aukið sjálfstraust, gleði og vinskapur kemur fyrst upp í hugann.” segir Ragnar.

Dansskólinn Bíldshöfða er nýr dansskóli á sterkum grunni með Ragnar Sverrisson danskennara og Önnu Björk Bergmann í fararbroddi. Ragnar og Anna Björk dönsuðu einmitt saman á yngri árum og urðu margfaldir Íslandsmeistarar.

“Við munum byrja með námskeið í janúar fyrir allan aldur, allt frá 2-3 ára og upp úr.” segir Anna Björk.

Dansskólinn Bíldshöfða mun bjóða upp á námskeið fyrir 2-3 ára börn og foreldra þeirra, barnadansa fyrir 4-5 ára, samkvæmisdansa frá 6 ára, jazz dans frá 8 ára og latin fit fyrir hressar konur á öllum aldri.

“Grunnurinn okkar er í samkvæmisdönsum en við við höfum einnig áhuga á að bjóða upp á aðrar danstegundir” segir Ragnar.

Við óskum Ragnari og Önnu Björk velfarnaðar með nýja húsnæðið og bendum á heimasíðuna www.dansa.is fyrir allar upplýsingar.



Anna Björk og Ragnar dönsuðu saman á yngri árum og urðu margfaldir Íslandsmeistarar.

BREYTTUR OPNUNARTÍMI HEILSUGÆSLUNNAR Í EFRA- BREIÐHOLT

Styttri síðdegisvakt í nóvember og desember

Vegna framkvæmda á biðstofu heilsugæslunnar breytist opnunartíminn hjá okkur næstu mánuði.

Síðdegisvaktin verður frá og með 13 nóvember opin milli 16 og 17 alla virka daga. Við beinum því til skjólstæðinga okkar að koma snemma á vaktina. Einnig er velkomið að leita á dagvaktina milli klukkan 8 og 16.

Aðkoman að heilsugæslunni breytist á sama tíma og verður um starfsmannainnganginn á austurhlið hússins

CHANGE OF OPENING HOURS IN EFRA-BREIÐHOLT PRIMARY HEALTH CLINIC

Shorter afternoon clinics in November and December

Due to continuing improvements at Hraunberg Primary Clinic in coming weeks the waiting area will be closed off completely. During this period our clients will have to access the clinic through the staff entrance facing east.

Afternoon clinic will be open btw 16:00- 17:00 from November 13th and during the construction period or until further notice. We would encourage those coming to the afternoon clinic to turn up early.

JAZZ Í HÁDEGINU:

ER NÁLGAST JÓLIN

22. nóvember kl. 12:15 - 13:00



Feðginin Sigurður Flosason og Anna Gréta spila íslensk og erlend jólalög ásamt Leifi Gunnarssyni kontrabassaleikara.

BÓKAKAFFI:

KRISTÍN TALAR VIÐ KRISTÍNU

27. nóvember kl. 20:00 - 22:00



Kristín Eiríksdóttir og Kristín Svava Tómasdóttir ræða nýútkomna ljóðabók þeirrar fyrrnefndu í bland við önnur verk hennar.

Allir hjartanlega velkomnir!

Enginn aðgangseyrir.

BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS GERÐUBERGI

www.borgarbokasafn.is

Kæru Breiðhyltingar

Minum ykkur á að
panta tímanlega
fyrir jólin.

Verið velkomin

KLIPP-ART
HÁRGREIÐSLUSTOFAN

Hólagarði • Sími: 5572653

Stígur við Stekkjarbakka

Kominn í hæsta forgangsflokk vetrarþjónustu

Göngustígur meðfram Stekkjarbakka, austan við Mjódd á milli Arnarbakka og Álfabakka, hefur fengið aukin forgang í þjónustuflokkum göngu- og hjólaleiða í Reykjavík.

Tillaga um breytinguna var lögð til af okkur fulltrúum Sjálfstæðisflokksins í febrúar 2019 en raungögn af Strava (íþróttaförrið fyrir snjalltæki) bentu til þess að stígurinn væri fjölfarinn bæði af gangandi og hjólandi vegfarendum. Þetta þýðir að stígurinn er kominn fremst í forgangsroð vetrarþjónustu göngu- og hjólastíga í borginni og að snjóhreinsum á að vera lokið þar fyrir klukkan 7:30 á morgnana.

Eins og sjá má þurfa hugmyndir um úrbætur ekki endilega að fara í gegnum lýðræðisverkefnið Hverfið mitt sem hefur mikinn umsýslukostnað í för með sér. Auk þess sem hugmyndir sem fá brautargengi þar koma seint til framkvæmda og stundum ekki í samræmi við það sem íbúar höfðu vonast eftir með hugmyndum sínum. Stytta má boðleiðirnar, framkvæma fyrr og nýta útsvar frá íbúum betur.

Velkomið er að hafa samband við undirritaða vegna ábendinga eða hugmynda um það sem betur megi fara í hverfinu til dæmis með tölvupósti á jorunn.pala.jonasdottir@reykjavik.is.

Jórunn Pála Jónasdóttir,
fyrsti varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Jórunn Pála Jónasdóttir.



Á skýringarmyndinni má sjá umræddan stíg.



NOON
HÁRSTOFA

5672077 HÓLMASELI 2, 109 RVK

Breiðholtinu blæðir

Breiðholtið er fjölmennasta hverfi Reykjavíkur og er íbúafjöldi þess svipaður og kjósendafjöldi Norðvesturkjördæmis. Þrátt fyrir það er áhugi ríkisvaldsins ansi takmarkaður á Breiðholtinu. Og því til staðfestingar er sjálft fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. Fjárlagafrumvarpið er stærsta mál sérhvers þingvetrar. Þar kemur pólitík ríkisstjórnarinnar fram en til að sjá hver pólitíkin er, þarf að elta peningana. Og það skulum við gera.

Döpur löggæsla

Gott dæmi um skelfilega forgangsroðun ríkisstjórnarinnar er staða löggæslumála í hverfinu en tveir bílar skipta með sér Breiðholti og Kópavogi en að baki þeim eru í kringum 60 þúsund íbúar. Eftir hrun var forvarnarstarf lögreglu skorið niður en mikilvægt er að verja fé í þágu forvarna og almennrar löggæslu.

Til viðbótar er ansi dapurt að sjá að almenn löggæsla í landinu fær beinlínis lækkun á fjárframlögum á milli ára í fjárlagafrumvarpi Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Færri lögreglumenn eru nú á landinu en fyrir 10 árum þrátt fyrir fimmföldun ferðamanna og aukinn íbúafjölda á tímabilinu. Ef stjórnarmálmennt bregðast jafn illa gagnvart grundvallaratriði eins og löggæslu þá er þeim vart treystandi fyrir öðru.

Lækkun fjármuna til FB

Ráðherrum ríkisstjórnarinnar hefur verið tíðrætt um stórsókn í menntamálum. Þegar nánar er að gáð, er eina sóknin í yfirlýsingum ráðherranna. Í fjárlagafrumvarpinu kemur skýrt fram að Fjölbrotaskólinn í Breiðholti fær raunlækkun á fjárframlögum á milli ára. Framhaldsskólastigið í heild sinni á landinu öllu fær einnig lækkun á milli ára.

Það er skrytinn sókn sem fer aftur á bak. Því til viðbótar munu Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Listaháskólinn fá nánast sömu raunupphæð og í fyrra en þetta eru skólar sem margir Breiðhytlingar sækja.

Stefnuleysi ríkisstjórnarinnar í málefnum fjölmenningar

Ég vil biðja fólk um að setja sig í spor 11 ára drengs frá Spáni með enga enskunnáttu og sem byrjar í Breiðholtsskóla. Eða setja sig í spor 17 pólskar stúlku sem kemur hérna með foreldrum sínum og hefur áhuga að menntaskólamenntun hér á landi. En þegar kemur að menntamálum barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku ríkir kyrrstaða sem m.a. sést á skorti á námsgögnum á fjölbreyttum tungumálum og færnimati ungmenna þegar í framhaldsskóla er komið. Hér mætti t.d. hugsa sér tækifæri í að móta braut í FB sem tekur tillit til þarfa þessara ungmenna og styður þau meðan þau

er í aðlögun.

Þjónusta við nýja Íslendinga er alltof sundurlaus. Stefnuleysið birtist meðal annars í að grunnkerfi velferðar-, heilbrigðis- og menntamála tala lítið saman. Talsvert vantar á þjónustu við nýja Íslendinga og þá sem hingað flytjast. Félagssleg virkni, tungumálakennsla og góð heilsa skiptir miklu máli þegar sest er að í nýju landi en þessi málaflökkur hefur einfaldlega ekki verið í forgangi hjá stjórnvöldum.



Ágúst Ólafur Ágústsson.

Héraðssjúkrahús Breiðhytlinga í krísu

Landspítalinn er ekki einungis spítali allra landsmanna heldur er hann einnig svokallað héraðssjúkrahús Breiðhytlinga. Lítum á tölurnar sem eru í boði ríkisstjórnarinnar. Að öllu óbreyttu stefndi í 4 milljarða kr. halla hjá Landspítalanum í ár. Á sama tíma og ófremdarastand er á bráðamóttöku spítalans og „umfangsmiklar aðhaldsaðgerðir standa yfir á Landspítalanum“ samkvæmt forstjóra spítalans vill ríkisstjórnin nú ná 1,2 milljarði kr. til viðbótar í aðhaldi úr heilbrigðiskerfinu.


Í ljósi stærðar Breiðholts búa fjölmargir aldraðir og öryrkjar í hverfinu. En hvað segir fjárlagafrumvarpið í þeim efnum? Engin sérstök viðbót er sett til aldraða og afnám krónu á móti krónu gagnvart öryrkjum er enn ófjármagnað. Enn eru öryrkjar því látnir biða eftir réttlætinu, sem Katrín Jakobsdóttir sagði þegar hún var í stjórnarandstöðu að þeir mættu alls ekki gera. Merkilegt hvað breytist mikið við að setjast í ríkisstjórn.

Forgangur hinna ríku

Það sýnir hins vegar vel hvaða hagsmunum ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar helst gætir að, þegar upphæð veiðileyfagjalda hefur lækkað um tæp 40% síðan þessi ríkisstjórn tók við völdum. Og núna er lækkun erfiðafjárskatts og bankaskatts fyrir þá sem mest mega sín sett í forgang. Fjármagnstekjuskatturinn skal áfram vera lægstur á Íslandi af öllum Norðurlöndunum þrátt fyrir að 5% ríkustu landsmanna eiga svipað mikið af eignum og hin 95% þjóðarinnar. Ríkisstjórnin sér um sína.

Mannauður Breiðholts er mikill en það dugur ekki einungis að líta á þetta stóra samfélag út frá sveitastjórnarstiginu heldur þarf einnig að skoða hagsmunum þess út frá því sem ríkisvaldið getur gert og gerir. Þar skipta fjárlög ríkisstjórnarinnar máli og þau eru blaut tuska framan í alla íbúa Breiðholts.

Ágúst Ólafur Ágústsson alþingismaður.



Bráðskemmtileg
baráttusaga
táningsstelpna
úr hálfbyggðu
Breiðholti árið 1980



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislióð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Laugardaga 11-16 | www.forlagid.is

Þorrablót ÍR

Þorrablót ÍR verður haldið laugardaginn 18. janúar 2020. Þetta verður sannkölluð veisla fyrir öll skynfærin þar sem boðið verður upp á stórgóða tónlist, frábær skemmtiatriði og meiriháttar mat þar sem fjölbreytningin verður í fyrirrúmi. Fyrir utan hinn hefðbundna þorramat verður m.a. boðið upp á glóðarsteikt lambalæri og nepalskan rétt fyrir grænkeru.

Við kynnum nýbreytni í ár því miðasalan verður rafræn til að spara öllum sporin og nokkra klukkutíma í röð. Miðasalan hefst klukkan kl. 10:00 þriðjudaginn 3. desember og mun fara fram í gegnum heimasíðu ÍR og verður það fyrirkomulag kynnt á Facebook-síðu blótsins sem og á heimasíðu félagsins

Verðið helst óbreytt frá því í fyrra: 9.700 kr. og 3.500 kr. inná ballið. Fyrir utan að vera einn stærsti hverfisviðburður ársins þá er þetta einnig ein stærsta fjáröflun félagsins en allur ágóði þorrablóts ÍR skiptist á milli

allra deilda og hluti fer í Magnúsarsjóð sem styrkir afreksfólk og þjálfara ÍR til góðra verka.

Undirbúningsnefnd Þorrablóts ÍR skipa Atli Guðjónsson, Brynja Guðmundsdóttir, Brynjar Már Bjarnason, Fríða Rún Þórðardóttir, Kristín Steinunn Birgisdóttir, Lísá Björg Ingvarsdóttir og Margrét V. Helgadóttir.

Auk þess koma á annað hundrað sjálfboðaliðar ÍR að undirbúning og framkvæmd blótsins eins og síðustu ár. Það er heilmikið verk að koma saman einu þorrablóti og í mörg horn að líta segir Kristín Steinunn en með svona góðu fólki er þetta gleðin ein þar sem þetta endar allt í góðu partíi sem er um leið frábær fjáröflun fyrir félagið.

Kærleiksdagur í Miðbergi

Frístundamiðstöðin Miðberg mun standa fyrir Kærleiksdegi laugardaginn 7. desember næstkomandi. Er þetta í annað skipti sem slíkur dagur er haldinn, þar sem peningum er safnað til styrktar góðu málefni. Fjárins verður aflað með happdrætti, kókubasar og sölu á handverki eftir börn og unglinga á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum í Breiðholti.

Í fyrra naut Kvennaathvarfið góðs af söfnuninni, en þau voru þá að vinna að uppbyggingu leiksvæðis fyrir börn. Í ár mun það fé sem safnast renna til Ljónshjarta, samtaka til stuðnings ungu fólki sem misst hefur

maka og börn þeirra. Ljónshjarta var stofnað í nóvember 2013 og hefur það meginmarkmið að veita jafningjastuðning, fræðslu, upplýsingaöflun og samveru. Samtökin starfrækja sjóð sem nefnist „Að grípa Ljónshjartabörn“. Markmið sjóðsins er að veita Ljónshjartabörnum aðstoð sem allra fyrst eftir missi. Aðstoðin felst í samtalsmeðferð og ráðgjöf frá fagaðila.

Kærleiksdagurinn fór fram úr okkar björtustu vonum í fyrra og vonumst við eftir að þátttakan verði jafngóð í ár og íbúar Breiðholts sameinist um að styrkja þarft og gott málefni.

Hólar gefur út bók um Gústa guðsmann



Kápa bókarinnar um Gústa guðsmann.

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti gefur út bókina Gústi – alþýðuhetjan, fiskimaðurinn og kristniboðinn. Þetta er ævisaga Gústa guðsmanns, skráð af Sigurði Egissyni.

Gústi er að líkindum þekktasti íslenski sjómaður 20. aldar. Að öðrum ólöstuðum. Hann var orðinn hálfgerð þjóðsagnapersóna meðan hann enn lifði og ekki dró úr því eftir að hann lést. Gústi bjó lengstum á Siglufirði, en áður en hann flutti þangað var hann í millilandsiglingum og kynntist þá neyðinni sem víða bar fyrir augu hans. Það varð til þess að hann seinna meir studdi fátæk börn úti í heimi til náms og gaf til þess nánast allt sem hann aflaði á litlu trillunni sinni. Gústi – sem bølvaði og ragnaði út í eitt – var þrátt fyrir þann löst engill í dulargervi. Hann var einnig þekktur fyrir kassann sem hann stóð upp á á bæjartorginu á Siglufirði á sunnudögum með Biblíuna í hendi og flutti vegfarendum orð guðs.




ÞORRABLÓT

ÞORRABLÓT ÍR VERÐUR HALDIÐ LAUGARDAGINN 18. JANÚAR 2020 Í ÍPRÓTTAHÚSI SELJASKÓLA

Á móti sól Ingó Veðurguð Gunnar á Völlum



Veislustjóri
Maggi skólástjóri

Húsið opnað kl. **19:00**
Borðhald hefst kl. **20:00**

Miðaverð **9.700 kr.**
Ball **3.500 kr.**

Matsedill

Porrahaðborð

Hinn hefðbundni þjóðlegi íslenski þorramatur frá Múlakaffi verður á boðstólum ásamt fleira góðgæti:



- Soðið saltkjöt með uppstúf og kartöflum
- Nautapottréttur með brauði og salati
- Nepalskur grænmetis og baunaréttur
- Glóðarsteikt lambalæri með krydd kartöflum og rjómasósu



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Hvetjum nýja íbúa til þátttöku í íþrótt- og frístundastarfi

Á undanförunum árum hefur hlutfall íbúa af erlendum uppruna hækkað hratt í Breiðholti. Nýir íbúar í okkar hverfi sem fæddir eru og hafa alist upp í fjarlægum löndum við menningu sem er ólík þeirri íslensku eiga oft erfitt með aðlögun að okkar íslenska samfélagi. Leikskóli og skóli er vettvangur þar sem stór hluti slíkrar aðlögunar barna fer fram. Utan skólatímans er þátttaka íslenskra barna og unglunga í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi með því hæsta sem gerist í heiminum.



Þráinn Hafsteinsson.

Almenn þátttaka í slíku starfi og oftast en ekki með stuðningi foreldra sem sjálfbæðið er rík hefð í okkar samfélagi. Íslenskar rannsóknir sýna ár eftir ár að regluleg þátttaka barna og unglunga í slíku starfi minnkar verulega líkur á vímuefnanotkun, áfengisdrykkju og reykingum, bætir félagslega færni, sjálfmynd og heilbrigði. Allt of stór hluti barna og unglunga af erlendum uppruna nýtur ekki ávinnings af þátttöku í íþrótt og frístundastarfi vegna þess að þau eru ekki þátttakendur. Við sem eigum uppruna okkar á Íslandi þurfum að gera meira af því að hvetja nýja íbúa og nágretta í hverfinu okkar til að taka þátt í íþróttum og frístundum. Með því auðveldum við nýjum íbúum aðlögun að nýju samfélagi og eflum um leið samheldni, samtakamát og félagslega virkni öllum til heilla.



**Jólavörurnar
komnar,
mikið úrval af
náttfatnaði og
náttslöppum**

**Verið velkomin í
Ynju Glæsibæ**

Ynja
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álftheimar 74
S. 544 4088
www.ynja.is

Leiknir var stofnað 1973

Getraunarnr. 111

www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Skoraði fjögur mörk gegn ÍR

Sævar Atli Magnússon skoraði fjögur mörk fyrir Leikni þegar Leiknismenn léku sinn annan leik í Reykjavíkurmótinu fyrir skömmu og mættu ÍR í Egilshöllinni. Bæði lið voru án stiga eftir fyrstu leiki sína í mótinu Leiknismenn höfðu leikið einn leik en ÍR-ingar tvo.

Leiknismenn voru sterkari í fyrri hálfleik en gáfu hinsvegar ÍR-ingum þrjú færi á silfurfati og fóru sömuleiðis illa með sín eigin. Seinni hálfleikur var eign Leiknismanna sem léku við hvern sinn fingur og skoruðu tvö mörk sem skömmu millibili en þar voru þeir Vuk Oskar og Sævar Atli á ferðinni. Leiknismenn voru ekki hættir eftir þessi tvö mörk en þeir héldu áfram með Sævar Atla fremstan meðal jafningja en hann bætti við þremur mörkum á seinasta stundarfjórðung leiksins og batt lokahnút á frábæra spilamennsku Leiknis. Leiknismenn komnir með sín fyrstu stig mótsins.



Sævar Atli með boltann í leiknum gegn ÍR.

Skákæfingar fyrir krakka í Leiknisheimilinu

Skákkfélagið Huginn býður krökkum upp á skákæfingar í Efra-Breiðholti, en félagið hefur undanfarnin ár haft aðstöðu í Mjóddinni. Nú er hæfið samstarf við íþróttfélagið Leikni og er boðið upp á ókeypis skákæfingar fyrir krakka á aldrinum 6 til 12 ára í Leiknisheimilinu.

Æfingar eru frá 17:15 til 18:15 alla miðvikudaga. Þjálfarar eru Jóhanna Björg Jóhannsdóttir landsliðskona og Heimir Páll Ragnarsson, en þau hafa bæði haldbæra reynslu í skákþjálfun. Allir áhugasamir krakkar eru boðnir velkomnir, bæði stelpur og strákar, byrjendur og lengra komnir en æfingarnar eru ókeypis.



Setið að tafli í Leiknisheimilinu.

Óbyrjur tímans

Óvenjuleg bók um óvenjulega sögu

Komin er út hjá Bókaútgáfunni Brandi í Breiðholti bókinn Óbyrjur tímans. Um afskipti dauðans af ástinni sem er undirtítt. Höfundur bókarinnar er Guðbrandur Gíslason. Í bókinni fjallar höfundur um uppvaxtarsögu ungs manns. Bókina er byggð upp af knöppum frásögu.

Guðbrandur er að segja sögu æsku og uppvaxtar. Sögu sem einkenndist af veikindum, óreglu og brotinni fjölskyldu. Sögu sem rambar um á barmi skáldskapar og raunveruleika. Frásögnin hefst á æskustöðvum drengs í kjallaraftúð við Óðinsgötu 14A í Reykjavík. Í inngangi bókarinnar er rífað upp atvik sem ef til vill hefur mótað þessa sögu umfram annað. Að kona missir nýlega fætt stúlkubarn sitt á eldhúsgólf. Faðirinn var fjarri. Á sjónum þar sem hann vissi að smyrja þurfti legur og stimpla vélarinnar svo hún gengi en trúði einnig að smyrja þyrfti andann með áfengi svo hann gæti notið sín.

Höfundurinn fylgir ýmist innri upplifun en horfir einnig á söguviðið utan frá. Einn kafli sögunnar er látinn gerast

á drykkjumannahælinu í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Þar býr vistmaður sig til brottfarar. Síðar í bókinni er aftur komið að þessum atburði frá öðru sjónarhorni. Þá er sögumaðurinn fullorðinn. Er að aðstoða vin sinn við húsbýggingu í Breiðholti. Gefum Guðbrandi orðið. "Og þar sem þeir standa uppi á þaki í góða veðrinu og virða fyrir sér Reykjavík og nágrennabyggðir, sund, voga og eyjar á flóanum. Esjuna og ótakmarkaðan bláma himinsins verður unga manningum á að spyrja frænda húseigandans eftir föður sínum. Án þess þó að geta um skyldleikann. Já, svarar frændinn og styður sig við sperrubút eins og til að missa ekki jafnvægið á þakinu í allri þessari upphefjandi guðsgjafabirtu, það var einkennilegt með manninn þann. Hann fékk víst bréf frá syni sínum á drykkjumannahælið í Gunnarsholti á Rangárvöllum sem var í einhverju bölvuðu klandri í útlöndum og ekki í fyrsta sinn og það hann um hjálp. Þá fór hann víst með rútu til Reykjavíkur og fékk Gunnar Thoroddsen borgarstjóra til að greiða sér heil



Guðbrandur Gíslason blaðamaður, kennari og rithöfundur.

árslaun fyrir fram þótt hann hafi verið of illa farinn til að mæta í sorphirðuna nema endrum og eins." Óbyrjur tímans. Um afskipti dauðans af ástinni er óvenjulega saga. Sögð á óvenjulegan máta. Frásögnin er um ferð mótaða af erfíðleikum og dauða en ástin sigrar á sinn hátt að leiðarlokom. Mætti gjarnan nota bókina sem kennslubók í skapandi skrifum.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNLSA



Sverrir Einarsson Margrét Á. Guðjónsd. Kristín Ingólfssdóttir Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Silfurleikar ÍR verða 23. nóv



Frá Silfurleikum ÍR.

Silfurleikar ÍR verða haldnir í 24. sinn laugardaginn kemur 23. nóvember n.k. Þeir eru eitt stærsta og fjölmennasta frjálsíþróttamótið innanhúss sem haldið er ár hvert. Verða þeir sem fyrr haldnir í Laugardalshöll en mótið er eitt þriggja innanhússmóta sem ÍR-ingar standa fyrir á ári hverju en hin eru Bronsleikarnir og Stórmótið.

Silfurleikarnir voru fyrst haldnir árið 1996 og hét þá Haustleikar ÍR. Nafninu var breytt árið 2006 til að minnast þess að 50 ár voru þá liðin frá því að ÍR-ingurinn Vilhjálmur Einarsson fékk silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu. Með Silfurleikum vilja ÍR-ingar minnast þessa mikla afreks og þrístökk skipar því veglegan sess á mótinu eins og vera ber.

Nýlunda að halda frjálsíþróttamót innanhúss

Þegar fyrstu leikarnir voru haldnir haustið 1996 þótti það mikil nýlunda að halda frjálsíþróttamót

innanhúss eingöngu fyrir börn og unglinga að hausti til. Þátttakendur á fyrsta mótinu voru innan við eitt hundrað en sú tala hefur margfaldast eftir að árin liðu og mótið festist í sessi. Segja má að Silfurleikarnir hafi rutt brautina í mótahaldi að hausti til og nú eru haldin mörg mót innanhúss hér á landi fyrir börn og unglinga á þessum tíma árs.

Á sjötta hundrað börn og unglingar

Á sjötta hundrað börn og unglingar upp að 17 ára aldri hafa mætt á Silfurleika ÍR síðustu árin og engin ástæða er til að ætla annað en að þátttakan verði með svipuðu móti í ár. Fyrirkomulagið er á þann hátt að 10 ára og yngri keppa í fjölþraut barna en þeir eldri í hefðbundnum frjálsíþróttgreinum. Breiðhyllingar eru hvattir til þess að mæta og hvetja keppendur til dáða en aðstaða fyrir áhorfendur er til fyrirmyndar og keppnin fjölbreytt og spennandi. Nánari upplýsingar um Silfurleikana er að finna hér <http://ir.is/silfurleikar/>

Flottur árangur á Fjörkálfamóti

Laugardaginn 2. nóv 2019 fór fram Fjörkálfamót í kumíte í Fylkisselinu. Mótið er hugsað sem gott tækifæri fyrir börnin til að stíga sín fyrstu skref í kumíte. Á mótinu voru um 120 börn skráð frá ýmsum félögum og þar af voru 9 börn frá ÍR. Þau gáfu ekkert eftir og stóðu sig frábærlega.

Í yngri hópnum (börn fædd 2010 og 2011) voru 4 keppendur. Amelía Ösp, Óttar Hjalti og Hafsteinn

voru í 1. sæti í sínum flokkum og Eiríkur Arnar í 2. sæti.

Í eldri hópnum (börn fædd 2008 og 2009) voru 5 keppendur. Dunja Dagný, Adam Óskar og Daren voru í 1. sæti í sínum flokkum og Óskar Adrian og Mía í 3. sæti.

Framtíðin er björt fyrir þetta unga afreksfólk og óskum við þeim til hamingju og áfram ÍR!



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnþjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



HEIMASÍÐA ÍR
www.ir.is



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

JÓLA- OG BÓKAMARKAÐUR



Ferðafélags Íslands - Mörkinni 6



Góðar gjafir
betri heilsa
og lengra líf

Gefðu aðild að
skemmtilegum
félagsskap



Bækur og bókapakkar, fræðslurit og kort
Ársaðild að Ferðafélagi Íslands
Fjallaferðir og gjafabréf
Um tímann og vatnið eftir Andra Snæ,
áritað eintak meðan birgðir endast

Netverslun
www.fi.is

ÁHUGAVERÐIR BÓKAPAKKAR

Vestfirðingurinn - Flakkarinn - Jarðfræðingurinn
Dalamaðurinn - Borgfirðingurinn - Skaftfellingurinn
Sunnlendingurinn - Útilegumaðurinn - Hálendingurinn
Eyfirðingurinn - Útlendingurinn

Komdu við
í Mörkinni 6



FERÐAFÉLAG ÍSLANDS

www.fi.is

